

Febrúar 2002

# Nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins árið 2000



RÍKISENDURSKOÐUN



# Efnisyfirlit

INNGANGUR .....	5
HELSTU NIÐURSTÖÐUR .....	7
1 NEFNDIR, RÁÐ OG STJÓRNIR Á ÁRINU 2000.....	9
1.1 Almennt .....	9
1.2 Fjöldi nefnda, ráða og stjórna.....	10
1.3 Fjöldi nefndar- og stjórnarmanna.....	11
2 LAUNA- OG REKSTRARKOSTNAÐUR.....	13
2.1 Almennt .....	13
2.2 Launakostnaður .....	13
2.3 Rekstrarkostnaður.....	18
3 SKIPTING EFTIR VERKEFNUM .....	19
3.1 Almennt .....	19
3.2 Stjórnir stofnana, skólanefndir, bankaráð o.fl. ....	21
3.3 Úthlutunarnefndir .....	25
3.4 Úrskurðar- og kærunefndir.....	26
3.5 Byggingarnefndir .....	28
3.6 Ráðgjafarnefndir.....	30
3.7 Verkefnanefndir (ótímabundnar).....	31
3.8 Verkefnanefndir (tímabundnar).....	34
3.9 Próf- og nemaleyfisnefndir.....	37
4 NIÐURSTÖÐUR SKOÐUNAR Á STARFI NOKKURRA NEFNDA .....	39
5 YFIRLIT YFIR NEFNDIR, RÁÐ OG STJÓRNIR ÁRÍÐ 2000 .....	41
5.1 Forsætisráðuneyti .....	41
5.2 Menntamálaráðuneyti.....	42
5.3 Utanríkisráðuneyti .....	50
5.4 Landbúnaðarráðuneyti.....	51
5.5 Sjávarútvegsráðuneyti .....	54
5.6 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti.....	55
5.7 Félagsmálaráðuneyti.....	58
5.8 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti .....	61
5.9 Fjármálaráðuneyti.....	65
5.10 Samgönguráðuneyti.....	68
5.11 Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti.....	70
5.12 Hagstofa Íslands .....	72
5.13 Umhverfisráðuneyti.....	73

# Myndir

Mynd 1	Nefndir, ráð og stjórnir árin 2000 og 1985.....	10
Mynd 2	Fjöldi nefndar- og stjórnarmanna í nefndum, ráðum og stjórnnum á árinu 2000 skipt eftir ráðuneytum. ....	12
Mynd 3	Flokkun nefnda, ráða og stjórna eftir verkefnum. ....	20
Mynd 4	Skipting nefnda- og stjórnarmanna eftir verkefnum. ....	20
Mynd 5	Fjöldi stjórna stofnana, skólanefndir, bankaráð o.fl. skipt eftir ráðuneytum.....	22
Mynd 6	Fjöldi nefndar- og stjórnarmanna í stjórnnum stofnana, skólanefndum, bankaráðum o.fl. skipt eftir ráðuneytum. ....	24
Mynd 7	Fjöldi úthlutunarnefnda skipt eftir ráðuneytum.....	25
Mynd 8	Fjöldi nefndarmanna í úthlutunarnefndum skipt eftir ráðuneytum. ....	26
Mynd 9	Fjöldi úrskurðar- og kærunefnda skipt eftir ráðuneytum. ....	27
Mynd 10	Fjöldi nefndarmanna í úrskurðar- og kærunefndum skipt eftir ráðuneytum.....	28
Mynd 11	Fjöldi byggingarnefnda skipt eftir ráðuneytum.....	29
Mynd 12	Fjöldi nefndarmanna í byggingarnefndum skipt eftir ráðuneytum.....	29
Mynd 13	Fjöldi ráðgjafarnefnda skipt eftir ráðuneytum.....	30
Mynd 14	Fjöldi nefndarmanna í ráðgjafarnefndum skipt eftir ráðuneytum. ....	31
Mynd 15	Fjöldi verkefnanefnda (ótímabundnar) skipt eftir ráðuneytum. ....	32
Mynd 16	Fjöldi nefndarmanna í verkefnanefndum (ótímabundnum) skipt eftir ráðuneytum.....	33
Mynd 17	Fjöldi verkefnanefnda (tímabundnar) skipt eftir ráðuneytum. ....	34
Mynd 18	Fjöldi nefndarmanna í verkefnanefndum (tímabundnum) skipt eftir ráðuneytum.....	36
Mynd 19	Fjöldi próf- og nemaleyfisnefnda skipt eftir ráðuneytum.....	37
Mynd 20	Fjöldi nefndarmanna í próf- og nemaleyfisnefndum skipt eftir ráðuneytum.....	38

# Inngangur

Ríkisendurskoðandi ákvað með vísan til 9. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun að taka saman yfirlit um skipun og verkefni nefnda, ráða og stjórna sem störfuðu á vegum ríkisins á árinu 2000. Úttektin nær til þeirra nefnda, ráða og stjórna sem hófu störf, störfuðu eða luku störfum á árinu 2000. Hún nær þó ekki til stjórna hlutafélaga og sameignarfélaga sem eru að hluta eða að öllu leyti í eigu ríkissjóðs.

Í þessari úttekt Ríkisendurskoðunar er ætlunin að sýna fram á umfangið á nefndastarfi ríkisins. Enn fremur verða nefndir, ráð og stjórnir sem starfandi voru á árinu 2000 flokkuð eftir eðli þeirra verkefna sem þau voru að sinna.

Í 1. kafla kemur fram fjöldi nefnda, ráða og stjórna á árinu 2000 og gerður er samanburður við árið 1985. Enn fremur er farið yfir fjölda nefndar- og stjórnarmanna. Þegar nefndur er fjöldi nefndar- eða stjórnarmanna í úttekt þessari er átt við aðalmenn en varamenn eru ekki meðtaldir.

Í 2. kafla er fjallað um launa- og rekstrarkostnað nefnda, ráða og stjórna á vegum ríkisins. Ekki eru meðtalin stjórnarlausn sem ríkið ber ekki kostnað af þó því beri að tilnefna einn eða fleiri aðila í stjórn. Farið er yfir hvernig laun eru ákvörðuð og hver launakostnaður ráðuneyta á árinu 2000 var vegna nefnda. Enn fremur er fjallað um rekstrarkostnað þeirra og þá hvernig eða hvort haldið er utan um hann.

Í 3. kafla eru nefndir, ráð og stjórnir flokkuð eftir verkefnum þeirra. Farið er yfir skiptingu innan hvers flokks á milli ráðuneyta og fjölda nefndar- og stjórnarmanna. Enn fremur er farið yfir hver verkefni þeirra eru og hvernig eftirliti með þeim er háttað.

Í 4. kafla eru störf nokkurra nefnda á árinu 2000 skoðuð nánar.

Í 5. kafla er yfirlit yfir nefndir, ráð og stjórnir sem voru starfandi á vegum ríkisins á árinu 2000 skipt eftir ráðuneytum. Þar kemur fram nafn þeirra og fjöldi nefndar- og stjórnarmanna.

Ríkisendurskoðun þakkar þeim fjölmörgu sem komu að upplýsingagjöf vegna þessarar úttektar.

# Helstu niðurstöður

Á árinu 2000 voru starfandi 910 nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins en þær voru 600 á árinu 1985. Þetta er um 52% fjölgun nefnda á tímabilinu. Í þessum nefndum, ráðum og stjórnnum sátu 4456 menn eða að meðaltali 4,9.

Kostnaður ríkisins vegna nefnda- og stjórnarlauna á árinu 2000 var um 417 milljónir króna en þá er ekki meðtalinn kostnaður vegna sérfræðiþjónustu. Stór hluti þessara launagreiðslna fer til starfamanna ríkisins. Ríkisendurskoðun telur að kanna þurfi betur hvort að starfsmenn ríkisins eigi að fá greitt sérstaklega fyrir setu í nefndum á vegum ríkisins. Ríkisendurskoðun telur að oft megi líta á setu í nefndum sem hluta af starfi hlutaðeigandi ríkisstarfsmanna og beri að gera ráð fyrir henni við ákvörðun launa þeirra.

Við úttektina komu upp vandamál þegar taka átti saman heildarlaun þeirra sem störfuðu í nefndum, ráðum og stjórnnum á árinu 2000. Ríkisendurskoðun telur að halda þurfi betur utan um launakostnað vegna nefndar- og stjórnarlauna þannig að hægt sé að nálgast heildar-nefndarlaun í bókhaldskerfi ríkisins án mikillar fyrirhafnar.

Ríkisendurskoðun leggur til að þóknananefnd verði falið að meta þóknanir fyrir önnur störf nefndar- og stjórnarmanna sem þeir inna af hendi fyrir þær nefndir eða stjórnir sem þeir eiga sæti í og teljast falla utan starfssviðs þeirra sem nefndar- og stjórnarmenn.

Ríkisendurskoðun leggur til að farið verði í þá vinnu að meta hvort í öllum tilvikum sé nauðsynlegt að starfrækja stjórnir í stofnunum ríkisins. Í mörgum tilvikum er starfi stofnunar þannig háttað að spurning er hvort ekki nægir að forstöðumaður beri einn ábyrgð á henni og ráðherra hafi eftirlit með honum.

Niðurstaða skoðunar á starfi 51 nefndar sem starfandi voru á árinu 2000 leiddi í ljós að 18% þessara nefnda

störfuðu ekkert á árinu 2000 og skiluðu engum árangri. Einnig var dæmi um að verkefni nefndar hafi verið falið öðrum án þess þó að búið væri að leggja nefndina formlega niður. Ríkisendurskoðun beinir þeim tilmælum til ráðuneyta að árlega verði farið yfir starfandi nefndir og skoðað hvort í raun sé þörf á þeim.

Þegar nefndir eru skipaðar til tímabundinna verkefna vantar nokkuð upp á að nefndum sé settur ákveðinn tímarammi. Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að slíkt sé alltaf gert. Ef eitthvað kemur síðan upp á sem leiðir til að verkefni nefndarinnar tekur lengri tíma en ráð var fyrir gert þá skal skipunaraðili skoða það sérstaklega og taka ákvörðun um ný tímamörk.



# 1 Nefndir, ráð og stjórnir á árinu 2000

## 1.1 Almenn

Nefndir eru yfirleitt skipaðar af Alþingi eða ráðherra og getur skipun verið m.a. tilkomin vegna fyriræla í lögum, reglugerðum, þingsályktun eða öðrum ákvörðunum ráðherra. Alþingi skipar þó aðeins í um 2% nefnda, ráða og stjórna.


Þau sjónarmið sem liggja til grundvallar því að nefnd er komið á fót eru mjög breytileg. T.d. geta komið fram óskir um að óháður aðili innan stjórnsýslunnar fari með formlegt úrskurðarvald á sínu sviði eða ósk um almennari þátttöku í starfsemi stjórnsýslunnar þar sem fulltrúar þingsins, hagsmunaaðilar og sérfræðingar starfi saman að stjórnsýsluverkefnum og undirbúningi löggjafar. Einn aðal kostur þess að fá utanaðkomandi aðila til samstarfs felst í því að þeir búa oft yfir upplýsingum og þekkingu sem ekki eru til staðar innan stjórnsýslunnar. Og með því að fá aðila utan stjórnsýslunnar til að koma að ákvörðunartöku eykur það líkur á að samstaða náist um viðkomandi málefni. Hagsmunaaðilar eiga þá erfiðara en ella að koma eftir á með gagnrýni eða nýjar upplýsingar sem stjórnsýslan hefði átt að taka tillit til.<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, Embættismenn og stjórnámálamenn, Heimskringla (1994), bls. 100

## 1.2 Fjöldi nefnda, ráða og stjórna

Á árinu 2000 voru starfandi 910 nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkisins en til samanburðar voru þær 600<sup>2</sup> á árinu 1985 sem er um 52% fjölgun. Skipting þeirra eftir ráðuneytum var eftirfarandi:



**Mynd 1 Nefndir, ráð og stjórnir árin 2000 og 1985**

Flestar nefndir, ráð eða stjórnir heyrðu undir menntamálaráðuneyti eða 237 sem er 26,1% af heildarfjölda. Næst kom heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti með 103 eða 11,3% af heildarfjölda.

Á ofangreindri mynd má einnig sjá samanburð við árið 1985. Mismunandi er hvort og þá hversu mikil fjölgun hefur orðið á þessu tímabili. Mesta fjölgunin hefur verið í landbúnaðarráðuneytinu en 63 fleiri nefndir voru starfandi árið 2000 heldur en árið 1985. Einnig hefur orðið mikil fjölgun í menntamálaráðuneyti, utanríkisráðu-

<sup>2</sup> Sbr. Fjárlaga- og Hagsýslustofnun, Stjórnir, nefndir og ráð ríkisins árið 1985, bls. 7.

neyti, fjármálaráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Í öðrum ráðuneytum er fjölgunin óveruleg og í sumum hefur nefndum fækkað á tímabilinu. Við samanburð við skýrsluna frá 1985 verður að hafa í huga að tölurnar eru ekki alveg sambærilegar þar sem skilgreining á því hvað flokkast hér undir er ekki að öllu leyti sú sama. Enn fremur var ekki búið að stofna umhverfiráðuneyti árið 1985. Þó verður að telja að með því að bera tölurnar saman fáist ákveðin vísbending um þróunina í þessum málum.


Á þeim mikla fjölda nefnda sem er hér á landi geta verið ýmsar skýringar. Hugsanlegar ástæður þessa fjölda geta verið að:<sup>3</sup>

1. Fjöldi nefnda endurspeglar mikil áhrif þingsins innan stjórnsýslunnar. Nefndarformið er þannig tæki til að takmarka ráðherravald, annaðhvort með því að þingið kjósi sjálft í nefndir stjórnsýslunnar eða hafi frumkvæði að skipun þeirra og ákveði samsetningu þeirra.
2. Mikill fjöldi nefnda endurspeglar takmarkaða möguleika til að útdeila verkefnum til fastra stjórnsýsluaðila vegna smæðar stjórnsýslueininga, skorts á samhæfingu, takmarkaðrar sérþekkingar eða veikleika sveitarstjórnarstigsins.
3. Nefndir gegni samstöðuskapandi hlutverki sem auðveldi störf embættismanna. Þær geta bæði stuðlað að samstöðu innan stjórnsýslunnar og með henni og þeim utanaðkomandi aðilum sem starfsemi hennar varðar mest.

### 1.3 Fjöldi nefndar- og stjórnarmanna

Á árinu 2000 voru 4456 fulltrúar í nefndum og stjórnnum á vegum ríkisins<sup>4</sup> eða að meðaltali 4,9. Í eftirfarandi súluriti kemur fram skipting þeirra eftir ráðuneytum.<sup>5</sup>

<sup>3</sup> Gunnar Helgi Kristinsson, Embættismenn og stjórnámálamenn, Heimskringla (1994), bls. 102



**Mynd 2 Fjöldi nefndar- og stjórnarmanna í nefndum, ráðum og stjórnnum á árinu 2000 skipt eftir ráðuneytum.**

Flestir sátu í nefndum og stjórnnum á vegum menntamálaráðuneytisins eða 1135. Næstflestir sátu í nefndum og stjórnnum á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis eða 519. Meðalfjöldi í hverri nefnd var mjög svipaður á milli ráðuneyta.

<sup>4</sup> Þegar fjallað er um fjölda nefndar- og stjórnarmanna í úttekt þessari verður að hafa í huga að sami aðili getur setið í fleiri en einni nefnd og/eða stjórn.

<sup>5</sup> Hér er eingöngu átt við aðalmenn.

## 2 Launa- og rekstrarkostnaður

### 2.1 Almenn

Í þessum kafla er fjallað um launa- og rekstrarkostnað nefnda, ráða og stjórna. Farið er yfir hvernig laun eru ákvörðuð og hvernig eða hvort haldið er utan um rekstrarkostnað.

### 2.2 Launakostnaður

#### Almenn

Við skoðun á launum til nefndar- og stjórnarmanna verður að hafa í huga nokkur atriði. Í fyrsta lagi fá ekki allir greitt fyrir nefndarsetu t.d. er metið hverju sinni hvort embættismenn skuli fá sérstaklega greitt eða ekki (sjá bls. 16). Í öðru lagi eru sumar nefndir ólaunaðar samkvæmt lögum, reglugerð eða skipulagsskrá. Í þriðja lagi ef um tímabundnar nefndir er að ræða er venjan sú að nefndarmenn fá ekki greitt fyrr en vinnu nefndarinnar er lokið. Það getur því verið að nefndarmenn fái ekki greitt á því ári sem nefndarstarfinu er sinnt. Í fjórða lagi eru laun þeirra sem sitja í stjórnun að jafnaði mun hærrí en þeirra sem sitja í nefndum á vegum ríkisins. Og í fimmta lagi er kostnaður vegna sérfræðipjónustu ekki meðtalinn. Ofangreind atriði verður að hafa í huga við samanburð á launakostnaði ráðuneyta.

#### Heildarlaun

Við úttektina komu upp vandamál þegar taka átti saman heildarlaun þeirra sem störfuðu í nefndum, ráðum og stjórnun á árinu 2000. Ástæða þessara erfiðleika var að

á þær launategundir sem nefndar- og stjórnarlaun eru færð á er ekki eingöngu færður launakostnaður vegna þeirra og því gat það verið erfiðleikum bundið að átta sig á því hvað væru nefndar- og stjórnarlaun og hvað ekki. Enn fremur voru dæmi um að laun stjórnarmanna væru ekki greidd í gegnum launaskrifstofu Ríkisbókhalds þrátt fyrir að laun annarra starfsmanna væru greidd þar. Í því sambandi er rétt að benda á að ekki skal gera greinarmun á launum stjórnarmanna og öðrum launum og þau ber að greiða á sama hátt og önnur laun. Til að taka saman launakostnað var ákveðið að fara þá leið að fara yfir þær launategundir sem til greina komu og taka úr þeim launakostnað vegna nefnda og stjórna. Að þessu loknu vantaði stjórnar- og nefndarlaun sem ekki eru greidd í gegnum launaskrifstofu Ríkisbókhalds og þurfti því að leita að þeim sérstaklega. Taflan er hér birtist er niðurstaða þeirrar vinnu:<sup>6</sup>

<b>Ráðuneyti</b>	<b>Laun m.kr.</b>
Forsætisráðuneyti	24
Menntamálaráðuneyti	80
Utanríkisráðuneyti	13
Landbúnaðarráðuneyti	15
Sjávarútvegsráðuneyti	8
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	48
Félagsmálaráðuneyti	59
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	63
Fjármálaráðuneyti	32
Samgönguráðuneyti	19
Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti	43
Hagstofa Íslands	1
Umhverfisráðuneyti	12
<b>Samtals</b>	<b>417</b>

<sup>6</sup> Ekki eru meðtalin stjórnarlaun sem ríkið ber ekki kostnað af þó því beri að tilnefna einn eða fleiri aðila í stjórn.

Kostnaður ríkisins vegna nefnda- og stjórnarlauna á árinu 2000 var um 417 milljónir króna en þá er ekki meðtalinn kostnaður vegna sérfræðipjónustu. Launakostnaðurinn var mestur hjá menntamálaráðuneytinu eða 80 milljónir króna eða um 19% af heildarupphæðinni. Næst kom heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti en þar var launakostnaðurinn 63 milljónir króna eða um 15% af heildarupphæðinni. Minnsti launakostnaðurinn var hjá Hagstofu Íslands en hjá henni voru einungis 2 nefndir starfandi á árinu 2000.

### Launaákvörðun

Þóknananefnd úrskurðar um laun þeirra er starfa í nefndum og stjórnnum á vegum ríkisins. Í framhaldi af samþykktum ríkisstjórnarinnar um að tveir matsmenn skuli starfa að mati fyrir ýmis störf skipaði fjármálaráðuneytið tvo einstaklinga til þessara starfa með bréfi dags. 21. febrúar 1973. Þessum starfsmönnum var falið að meta þóknarir fyrir hvers konar nefndarstörf, matsstörf, störf að einstökum verkefnum, setudómara- störf, málflytjendastörf o.fl. Í áður nefndi bréfi segir m.a.: „Gert er ráð fyrir, að eftirleiðis verði allar nefndarskipanir, tilnefningar og dómkvaðningar matsmanna, ráðningar í einstök verkefni, skipun setudómara, ráðninga málflytjenda og þess háttar gerðar með þeim fyrirvara, að þóknun fyrir slík störf verði endanlega ákveðin af áður nefndum matsmönnum. Gert er ráð fyrir, að matsmennirnir setji sér sjálfir starfsreglur og viðmiðunarstaðla, en hafi jafnan samráð við ráðuneyti þau, er hlut eiga að máli, áður en endanleg þóknun er ákveðin.“

Þegar Þóknananefnd úrskurðar um laun til handa þeim er starfa í nefndum og stjórnnum berst erindi frá viðkomandi ráðuneyti sem þá óskar eftir að nefndin ákvarði þóknun fyrir nefndar- eða stjórnarstörf. Þóknananefnd metur í framhaldi af því hæfilega þóknun og tilkynnir viðkomandi ráðuneyti niðurstöðuna. Þóknun er síðan greidd í gegnum launaskrifstofu Ríkisbókhalds.

Ef kveðið er á um nefnd, ráð eða stjórn í lögum er oftast kveðið á um að ráðherra skuli ákveða þóknun fyrir setu. Þrátt fyrir það leita ráðherrar yfirleitt til Þóknananefndar

til að ákveða hver þóknun eigi að vera. (Sjá einnig sérreglur er gilda um embættismenn).

Ríkisendurskoðun leggur enn fremur til að Þóknananefnd verði falið að meta þóknanir fyrir önnur störf nefndar- og stjórnarmanna sem þeir inna af hendi fyrir þær nefndir eða stjórnir sem þeir eiga sæti í og teljast falla utan starfssviðs þeirra sem nefndar- og stjórnarmenn. Dæmi um þetta má nefna ef nefndarmaður sem fær þóknun fyrir setu í nefnd selur nefndinni að auki sérfræðiþjónustu. Að mati Ríkisendurskoðunar ætti Þóknananefnd þá að fjalla um málið og úrskurða um þóknun fyrir þá sérfræðiþjónustu. Af orðalagi í tilvitnuðu bréfi dags. 21. febrúar 1973 verður einnig að telja að það sé hlutverk Þóknananefndar að úrskurða um þóknun fyrir öll störf nefndar- og stjórnarmanna.

### Upphæð launa

Þóknananefnd ákveður þóknun til handa nefndarmönnum og kveður í úrskurðum sínum á um tiltekinn fjölda eininga sem nefndarmenn skulu fá greiddan. Við skoðun á úrskurðum Þóknananefndar kom í ljós að fjöldi vinnustunda ræður mestu um fjölda eininga. Helst virðist nefndin horfa til fjölda funda og þess tíma sem þeir taka. Einnig er tekið mið af tímum utan funda ef þeir eru sérstaklega tilgreindir. Ef hins vegar vísað er til þess að nefndarmenn hafi innt af hendi vinnu utan funda án þess þó að tilgreina nákvæman tímafjölda virðist nefndin lítið sem ekkert horfa til þess. Einnig sást dæmi um að hlutaðeigandi ráðuneyti hafi lagt til fjölda eininga til handa nefnd og fór nefndin eftir þeirri tillögu án þess að í bréfi þar sem óskað var eftir úrskurði hafi verið tilgreindur fjöldi nefndarfunda eða sá tími sem farið hefði í nefndarstarfið. Formenn nefnda fá 50% fleiri einingar greiddar en óbreyttur nefndarmaður.

### Embættismenn

Það eru ekki allir sem eiga rétt á því að fá greitt fyrir setu í nefnd, ráði eða stjórn. Sérstök lög gilda um embættismenn ríkisins.



*Kjaradómur*

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd ákveður Kjaradómur laun forseta Íslands skv. 1. gr. laga nr. 10/1990, um laun forseta Íslands, þingfararkaup samkvæmt lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, héraðsdómara, biskups Íslands, ríkisendurskoðanda, ríkissáttasemjara, ríkissaksóknara og umboðsmanns barna.

Í 2. ml. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 120/1992 segir að Kjaradómur úrskurði hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega. Af ákvæðinu má ráða að Kjaradómur metur það hvort embættismaður sem fær greidd laun samkvæmt ákvörðun Kjaradóms fær greidd sérstaklega fyrir setu í nefnd, ráði eða stjórn.

Kjaradómur hefur ekki sett sér neinar viðmiðunarreglur til að fara eftir við þetta mat. Hann hefur þó í heiðri tvær meginreglur. Sú fyrri er að embættismaður fær ekki greitt fyrir setu ef hún er lögbundin. Seinni reglan er að hann fær ekki greitt ef verkefni nefndar- eða stjórnar eru á starfssviði embættisins. Þingmenn fá þó greitt fyrir setu í nefnd sem falið er að semja frumvarp til laga.

*Kjaranefnd*

Kjaranefnd ákveður laun og starfskjör embættismanna, annarra en þeirra sem taldir eru í 2. gr. laga nr. 120/1992, lögreglumanna, tollvarða og fangavarda, sbr. ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Enn fremur ákveður nefndin laun og starfskjör heilsugæslulækna og prófessora. Samkvæmt 11. gr. laga nr. 120/1992 um Kjaradóm og kjaranefnd skal kjaranefnd ákvarða föst laun fyrir dagvinnu og kveða á um önnur starfskjör. Hún metur hverju sinni hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hver beri að launa sérstaklega. Við matið er stuðst við viðmiðunarreglur sem nefndin hefur sett sér en það skal ítrekað að hvert einstakt tilvik er skoðað og matið sérstaklega.

Í viðmiðunarreglunum kemur fram að embættismanni er ekki greitt sérstaklega fyrir setu á stjórnarfundum þeirrar stofnunar sem hann er í forsvari fyrir. Í þessari reglu felst að kjaranefnd metur það svo að seta í stjórn stofnunar sem embættismaður er í forsvari fyrir sé hluti af hans aðalstarfi og ekki beri að greiða sérstaklega fyrir það. Embættismanni skal heldur ekki greitt sérstaklega fyrir setu í nefnd sem hann situr í lögum samkvæmt. Með þessari reglu er tekinn af allur vafi um að embættismaður fær ekki greitt fyrir setu í nefnd ef hann situr í nefndinni vegna ákvæða í lögum. Hér er það hvernig skipun nefndarinnar er háttað sem ræður því hvort að embættismaður fær greitt eða ekki. Embættismaður fær heldur ekki greitt sérstaklega fyrir setu í nefnd ef verkefni hennar tengjast þeirri stofnun eða því ráðuneyti sem hann starfar við. Af þessari reglu leiðir að verkefni nefndarinnar ræður því hvort að embættismaður fær greitt sérstaklega fyrir setu í nefnd. Að lokum kemur fram í viðmiðunarreglum kjaranefndar að nefndin geti vikið frá reglum þessum ef sérstaklega stendur á að hennar mati.

## **2.3 Rekstrarkostnaður**

Vegna starfa nefnda, ráða og stjórna getur komið til ýmis rekstrarkostnaður. Mjög mismunandi er hvort og þá hvernig haldið er utan um rekstrarkostnað. Rekstrarkostnaður getur m.a. verið tilkominn vegna útgáfu-starfsemi, ferðalaga o.fl.

Skoðað var úrtak nefnda, ráða og stjórna og kannað hvort rekstrarkostnaður annar en laun var fyrir hendi og þá hvernig haldið er utan um hann. Í ljós kom að víða er rekstrarkostnaður stjórna stofnana ekki sérstaklega aðskilinn frá öðrum rekstrarkostnaði og verður því ekki aðgreindur frá öðrum rekstrarkostnaði nema með sérstakri úrvinnslu úr bókhaldi stofnana. Sama er um að ræða hjá mörgum nefndum og ráðum. Þar er ekki sérstaklega haldið utan um kostnað þeirra heldur verður líkt og hjá stjórnnum að kanna fylgiskjöl til að skoða rekstrarkostnað þeirra.

## 3 Skipting eftir verkefnum


### 3.1 Almenn

Í þessum kafla eru nefndir, ráð og stjórnir flokkuð eftir verkefnum þeirra. Verkefnaskiptingin sem byggð er á er eftirfarandi:

4. Stjórnir stofnana, skólanefndir, bankaráð o.fl.
5. Úthlutunarnefndir
6. Úrskurðar- og kærunefndir
7. Byggingarnefndir
8. Ráðgjafarnefndir
9. Verkefnanefndir (ótímabundnar)
10. Verkefnanefndir (tímabundnar)
11. Próf- og nemaleyfisnefndir

Við flokkun kom í ljós að sumar nefndir, ráð og stjórnir var hægt að flokka undir fleiri en einn flokk. Til að ákvarða hvar ætti að flokka nefnd, ráð eða stjórn niður var byggð á því hvað væri aðalverkefni nefndarinnar.


Á árinu 2000 voru starfandi 910 nefndir, ráð og stjórnir. Skipting þeirra eftir verkefnum var eftirfarandi:



**Mynd 3 Flokkun nefnda, ráða og stjórna eftir verkefnum.**

Af myndinni hér að ofan má sjá að 57% nefnda voru tímabundnar og ótímabundnar verkefnanefndir. Hlutfall stjórna stofnana, skólanefnda og bankaráða er 21% af heildinni. Samtals eru þessir þrjú flokkar 78% af heildinni.

Fjöldi fulltrúa í nefndum og stjórnnum á vegum ríkisins árið 2000 var 4456. Í töflunni hér að neðan má sjá skiptingu þeirra eftir verkefnum.



**Mynd 4 Skipting nefnda- og stjórnarmanna eftir verkefnum.**


Meðalfjöldi nefndarmanna innan hvers verkefnaflokks var um 5-6 í stjórnnum stofnana, ráðgjafarnefndum og tíma- bundnum verkefnanefndum. Í byggingarnefndum og ótímabundnum verkefnanefndum sátu að meðaltali 4-5. Að meðaltali sátu 3-4 í úthlutunarnefndum, úrskurða- og kærunefndum og próf- og nemaleyfisnefndum.

### **3.2 Stjórnir stofnana, skólanefndir, bankaráð o.fl.**

Í þessum flokki eru stjórnir stofnana og lífeyrissjóða, skólanefndir, bankaráð, o.fl. Það er m.a sameiginlegt með þessum stjórnnum að þær hafa með höndum stjórn á starfsemi sem krefst starfsmanna. Valdsvið og hlutverk þeirra geta þó verið mjög mismunandi. Verkefni þeirra geta m.a verið eftirfarandi:

- að annast yfirstjórn annarra mála en sem varða daglegan rekstur
- að ákveða laun stjórnenda
- að hafa eftirlit með starfsemi
- að ákveða starfsskipulag
- að móta stefnu um helstu áherslur, verkefni og starfshætti
- að ákveða rekstrar- og starfsáætlun
- að fjalla um áætlanir sem stofnunin vinnur að, svo og skýrslur um starfsemi hennar
- að fjalla um og samþykkja ársreikning

Á árinu 2000 voru 187 stjórnir, skólanefndir og bankaráð starfandi á vegum ríkisins. Skipting þeirra eftir ráðuneytum var eftirfarandi:



**Mynd 5 Fjöldi stjórna stofnana, skólanefndir, bankaráð o.fl. skipt eftir ráðuneytum.**

Á árinu 2000 heyrðu flestar stjórnir stofnana undir menntamálaráðuneytið eða 58 sem er 31% af heildarfjölda þeirra. Næst kom heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti með 43 stjórnir eða 23%. Fjöldi stjórna hjá menntamálaráðuneytinu er ekki síst tilkominn vegna fjölda skólanefnda sem undir ráðuneytið heyra.

Mjög mismunandi er hver skipar stjórnir stofnana. Alþingi skipar t.d. bankaráð Seðlabanka Íslands sbr. lög um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001. Lönaðarráðherra skipar stjórn Bygðastofnunar á ársfundi sbr. lög nr. 106/1999 um Bygðastofnun. Háskólaráð Háskóla Íslands er skipað í samræmi við 13. gr. lög nr. 136/1997 um háskóla. Ráðið er skipað 10 mönnum og þar á meðal er rektor sem er sjálfkjörinn í ráðið og er forseti þess. Fimm fulltrúar úr hópi kennara eiga setu í ráðinu, nemendur skipa 2 og menntamálaráðherra 2.

Eftirlit með að stjórnir sinni hlutverki sínu er fyrst og fremst í höndum þeirra sem skipa hlutaðeigandi stjórnir en einnig er eftirlit í höndum stjórnenda. Mönnum sem ekki sinna sínu hlutverki sem stjórnarmenn er hægt að

skipta út næst þegar stjórn er skipuð. Spurning er þó hvort svo sé raunin og má benda á að ýmis atriði geta haft áhrif á skipun stjórnna. T.d. má nefna að þeir sem skipa stjórnir gera það oft eftir tilnefningu frá öðrum aðilum en um það getur verið kveðið á í lögum.

Þegar litið er til þess að á árinu 2000 voru starfandi 187 stjórnir, skólanefndir og bankaráð á vegum ríkisins er nauðsynlegt að skoða hvort raunverulega þörf hafi verið fyrir þær. Er t.d. í öllum tilvikum nauðsynlegt að skipa stofnun stjórn? Í 38. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins segir:


*“Ráðherra setur sérhverjum forstöðumanni stofnunar erindisbréf þar sem tilgreind skulu helstu markmið í rekstri stofnunar og verkefni hennar, bæði til lengri og skemmri tíma litið.*

*Forstöðumaður ber ábyrgð á að stofnun, sem hann stýrir, starfi í samræmi við lög, stjórnvaldsfyrirmæli og erindisbréf skv. 1. mgr. Forstöðumaður ber og ábyrgð á því að rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunarinnar sé í samræmi við fjárlög og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Ef útgjöld fara fram úr fjárlagaheimildum, verkefnum stofnunar er ekki sinnt sem skyldi eða þjónusta hennar telst óviðunandi getur ráðherra veitt forstöðumanni áminningu skv. 21. gr. eða veitt honum lausn frá embætti skv. VI. kafla ef hann hefur gerst sekur um ítrekaða eða stórfellda vanrækslu í starfi með þeim hætti sem að framan er lýst.”*

Í ákvæðinu kemur skýrt fram að forstöðumaður ber m.a. ábyrgð á því að stofnunin sem hann stýrir starfi í samræmi við lög, að hún sé innan fjárheimilda og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt. Enn fremur kemur fram að sinni forstöðumaður ekki hlutverki sínu geti ráðherra veitt honum áminningu. Af þessu öllu má ráða að forstöðumaður ber einn ábyrgð á ofangreindum atriðum. En hvaða ábyrgð ber þá stjórn stofnunarinnar? Á hún ekki einnig að bera ábyrgð á því að stofnunin fari ekki fram úr fjárheimildum og á stjórnin ekki að gæta þess að stofnunin sinni hlutverki sínu. Samkvæmt 38. gr. laga nr. 70/1996 er það ráðherra sem hefur eftirlit með forstöðumanni. Starfi sumra stofnana er þannig háttað að óþarfi hlýtur að teljast að starfrækt sé stjórn heldur

ætti að nægja að forstöðumaður beri ábyrgð á henni. Ráðherra hefur það hlutverk samkvæmt lögum að hafa eftirlit með að forstöðumaður sinni hlutverki sínu og getur þá ef hann gerir það ekki gripið inn. Forstöðumaður stendur þá og fellur með verkum sínum. Ríkisendurskoðun leggur til að kannað verði hvort í öllum tilvikum sé nauðsynlegt að starfrækja stjórnir hjá stofnunum.

Í stjórnnum, skólanefndum og bankaráðum á vegum ríkisins sátu 952 stjórnarmenn á árinu 2000 eða að meðaltali um 5. Skipting þeirra eftir ráðuneytum var eftirfarandi:



**Mynd 6 Fjöldi nefndar- og stjórnarmanna í stjórnnum stofnana, skólanefndum, bankaráðum o.fl. skipt eftir ráðuneytum.**


Í stjórnnum sem heyrðu undir menntamálaráðuneyti sátu í 284. Næst flestir sátu í stjórnnum á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis eða 216 og 193 sátu í stjórnnum sem heyrðu undir félagsmálaráðuneyti.



### 3.3 Úthlutunarnefndir


Í þessum flokki eru nefndir, ráð og stjórnir sem hafa með höndum úthlutun fjármuna í samræmi við hlutverk þeirra samkvæmt lögum, skipulagsskrá eða öðru. Dæmi um stjórn sem hefur með höndum úthlutunarvald er stjórn sjóðsins Þjóðhátíðargjafar Norðmanna en hann er styrktarsjóður sem úthlutar af þjóðargjöf Noregs til íslensku þjóðarinnar í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar árið 1974.

Á árinu 2000 voru starfandi 44 nefndir með úthlutunarvald. Skipting þeirra eftir ráðuneytum var eftirfarandi:



#### Mynd 7 Fjöldi úthlutunarnefnda skipt eftir ráðuneytum.

Flestar úthlutunarnefndir heyrðu undir menntamálaráðuneyti eða 26 sem er 59% af heildarfjölda þeirra. Næst kom iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti með 6. Sex ráðuneyti voru ekki með neinar nefndir með úthlutunarvald að aðalstarfi. Í þessum nefndum sátu 175 nefndarmenn eða að meðaltali 3,9 í hverri nefnd. Á myndinni hér á eftir má sjá skiptingu þeirra eftir ráðuneytum:




**Mynd 8 Fjöldi nefndarmanna í úthlutunarnefndum skipt eftir ráðuneytum.**

### 3.4 Úrskurðar- og kærunefndir

Verkefni úrskurðar- og kærunefnda eru að kveða upp úrskurði um álitæfni sem fyrir þær eru lagðar og þeim ber að úrskurða um lögum samkvæmt. Dæmi um slíka nefnd er úrskurðarnefnd um upplýsingamál en hún er starfrækt á grundvelli V. kafla upplýsingalaga nr. 50/1996 til að leysa úr ágreiningsmálum um aðgang almennings að upplýsingum hjá stjórnvöldum.

Á árinu 2000 voru starfandi 51 úrskurðar- og kærunefnd. Skipting þeirra eftir ráðuneytum var eftirfarandi:




**Mynd 9 Fjöldi úrskurðar- og kæruneftnda skipt eftir ráðuneytum.**

Flestar úrskurðar- og kæruneftndir voru starfandi á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins eða samtals 9 sem er 18% af heildarfjölda þeirra. Næst flestar heyrðu undir félagsmálaráðuneytið eða 8.

Um skipun úrskurðar- og kæruneftnda er oftast kveðið á um í lögum eða í reglugerðum. Hlutaðeigandi ráðherra skipar oftast úrskurðar- og kæruneftndir. Oft er kveðið á um í lögum að tilteknir aðilar skuli tilnefna nefndarmenn og að þeir þurfi að uppfylla bæði almenn og sérstök hæfisskilyrði. Dæmi um þetta er kvartananeftnd skv. 5. mgr. 3. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingu. Þar er kveðið á um að í þeirri nefnd skuli eiga sæti 3 menn, tilneftndir af Hæstarétti og ráðherra skipar. Enginn nefndarmanna má vera starfsmaður heilbrigðisþjónustunnar og einn skal vera embættisgengur lögfræðingur.

Í úrskurðar- og kæruneftndum sátu 164 nefndarmenn eða að meðaltali 3,2. Skipting þeirra eftir ráðuneytum var eftirfarandi:




**Mynd 10** Fjöldi nefndarmanna í úrskurðar- og kæruneftndum skipt eftir ráðuneytum.

Í lögum eða reglugerðum er kveðið á um hlutverk úrskurðar- og kæruneftnda. Þeim ber að leysa úr tiltekn- um ágreiningseftnum sem heimilt er að leggja fyrir þær lögum samkvæmt. Eftirlitshlutverk með slíkum nefndum hlýtur fyrst og fremst að vera í höndum þeirra sem leita til nefndarinnar til að fá úrlausn sinna mála. Ef hlutað- eigandi nefnd lætur hjá líða að úrskurða eða fer að mati aðila ekki að lögum í úrskurðum sínum kallar það á viðbrögð.

### 3.5 Byggingarneftndir

Í þennan flokk falla þær nefndir sem hafa það hlutverk að hafa umsjón með gerð, viðhaldi eða breytingu mannvirkis sem kostað er af ríkissjóði að nokkru eða öllu leyti.

Á árinu 2000 voru starfandi 12 byggingarneftndir á vegum ríkisins. Skipting þeirra eftir ráðuneytum var eftirfarandi:




**Mynd 11 Fjöldi byggingarnefnda skipt eftir ráðuneytum.**

Hjá menntamálaráðuneytinu voru starfandi 4 byggingarnefndir og 3 sem heyrðu undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Hjá 6 ráðuneytum voru ekki starfandi neinar byggingarnefndir.

Nokkuð hefur verið um það í íslenskri stjórnarsýslu að byggingarnefndir séu settar á fót. Mikilvægt er að í þær séu skipaðir einstaklingar sem hafa þekkingu til slíkra starfa.

Í byggingarnefndum sátu 56 nefndarmenn eða að meðaltali 4,7. Skipting þeirra eftir ráðuneytum var eftirfarandi:




**Mynd 12 Fjöldi nefndarmanna í byggingarnefndum skipt eftir ráðuneytum.**

Eftirlit með byggingarnefndum er í höndum hlutað-eigandi ráðuneytis, fjármálaráðuneytis og Framkvæmda-sýslu ríkisins. Samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir fylgist að öðru leyti með framkvæmd hinnar fjármálalegu hliðar opinberra framkvæmda.

### 3.6 Ráðgjafarnefndir

Ráðgjafarnefndir eru venjulega settar á stofn til að vera stjórnvaldi til faglegrar ráðgjafar á tilteknu sviði. Þeim er ætlað að koma með sérfræðipækkingu á hlutaðeigandi sviði og veita þeim er þar starfa aðstoð við ákvörðunar- töku. Nefna má sem dæmi ráðgjafarnefnd Rannsóknar- stofnunar uppeldis- og menntamála en samkvæmt 7. gr. laga nr. 76/1993 um Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála skal menntamálaráðherra skipa ráðgjafar- nefnd til fimm ára í senn er vera skal forstöðumanni stofnunarinnar til faglegrar ráðgjafar.

Á árinu 2000 voru starfandi á vegum ríkisins 35 ráðgjafarnefndir. Skipting þeirra eftir ráðuneytum var eftirfarandi:




**Mynd 13 Fjöldi ráðgjafarnefnda skipt eftir ráðuneytum.**

Á árinu 2000 voru flestar ráðgjafarnefndir starfandi á vegum umhverfissráðuneytis eða 11 talsins. Hjá menntamálaráðuneyti og landbúnaðarráðuneyti voru starfandi 5.

Oftast er kveðið á um skipun ráðgjafarnefnda í lögum. Venjulega er það ráðherra hlutaðeigandi lagabálks sem

skipar nefnd. Í lögum þar sem kveðið er á um skipun þeirra er venjulega kveðið á um að tilteknum hagsmunahópum beri að tilnefna aðila. Þetta er ekki aðeins gert til að gæta hagsmuna þeirra heldur verður að telja að þannig fái st hæfari einstaklingar til setu í nefndum þar sem sérfræðingar á hlutaðeigandi sviðum veljist þá frekar til setu í þeim.

Á árinu 2000 sátu 204 í ráðgjafarnefndum á vegum ríkisins eða að meðaltali 5,8. Skipting þeirra eftir ráðuneytum var eftirfarandi:



**Mynd 14 Fjöldi nefndarmanna í ráðgjafarnefndum skipt eftir ráðuneytum.**

Eftirlit með ráðgjafarnefndum er fyrst og fremst í höndum skipunaraðila og þeirra sem nefndinni er ætlað að vera til ráðgjafar.


### 3.7 Verkefnanefndir (ótímabundnar)

Í þennan flokk falla nefndir eða ráð sem skipaðar eru til að sinna tilteknum verkefnum hvort heldur sem kveðið er á um skipun þeirra í lögum eða um er að ræða ákvörðun ráðherra. Þessar nefndir eiga það þó

sameiginlegt að þær hafa á hendi tiltekin verkefni sem þeim ber að sinna um ókominn tíma, þ.e. þær sinna verkefni sínu þangað til ákvörðun er tekin um annað. Sem dæmi um verkefni sem þessum nefndum eru fengin má nefna eftirfarandi:

- að framkvæma tiltekið verkefni
- að hafa umsjón með tilteknum málaflökki
- samráðsnefndir
- starfsgreinaráð
- veiting leyfa
- veiting undanþága
- forvarnarstarf

Á árinu 2000 voru starfandi 238 verkefnanefndir ( ótímabundnar). Skipting þeirra eftir ráðuneytum var eftirfarandi:



**Mynd 15 Fjöldi verkefnanefnda (óttímabundnar) skipt eftir ráðuneytum.**

Flestar verkefnanefndir á árinu 2000 voru starfandi hjá menntamálaráðuneytinu eða 60 sem eru 25,2% af heildarfjölda þeirra. Næst kom landbúnaðarráðuneyti




með 33 starfandi nefndir og síðan heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti með 26.

Ótímabundnar verkefnanefndir geta verið settar á laggirnar af ýmsum ástæðum. Um getur verið að ræða ákvörðun ráðherra, kveðið á um skipun nefndar í lögum og/eða í reglugerð, kveðið á um slíkt í þingsályktun sem samþykkt er á Alþingi, í samningi sem ríkið gerir, í stefnu- yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eða í alþjóðasamningum. Þau atriði sem hér eru talin upp eru alls ekki tæmandi.

Ráðherra á hlutaðeigandi sviði skipar oftast nefndarmenn en þó getur verið að kveðið sé á um að Alþingi kjósi þá. Þó að kveðið sé á um að ráðherra skuli skipa nefnd er oft kveðið á um í lögum að hann skuli gera það eftir tilnefningu frá tilteknum aðilum. Yfirleitt er með því verið að tryggja hagsmunaaðilum sæti í nefndum eða verið að tryggja tiltekna sérfræðipækkingu sem nauðsynlegt er að hafa.

Á árinu 2000 sátu 1187 nefndarmenn í ótímabundnum verkefnanefndum eða meðaltali 4,9 í hverri nefnd. Skipting þeirra eftir ráðuneytum var eftirfarandi:



**Mynd 16 Fjöldi nefndarmanna í verkefnanefndum (ótímabundnum) skipt eftir ráðuneytum.**


### 3.8 Verkefnanefndir (tímabundnar)

Í þennan flokk falla nefndir sem skipaðar eru til að sinna tilteknu verkefni. Þetta verkefni leysa þær af hendi einu sinni og starfa aðeins á meðan þær sinna því. Sem dæmi um verkefni sem þessum nefndum eru fengin má nefna eftirfarandi:

- forvarnarstarf
- endurskoða eða semja lög
- endurskoða eða semja reglugerðir
- endurskoða eða semja reglur
- kynning á lögum
- móta stefnu

Tímabundnar nefndir afla stjórnvöldum sambanda og aðgangs að sérfræðipækkingu og ráðgjöf. Verkefnin heyra oft beinlínis ekki undir fast starfslið stofnana stjórnsýslunnar.

Fjöldi tímabundinna verkefnanefnda á árinu 2000 var 287. Skipting þeirra eftir ráðuneytum var eftirfarandi:



**Mynd 17 Fjöldi verkefnanefnda (tímabundnar) skipt eftir ráðuneytum.**

Flestar verkefnanefndir (tímabundnar) voru starfandi hjá landbúnaðarráðuneyti eða 41 sem er 14,3% af heildarfjölda þeirra. Næst kom menntamálaráðuneyti með 37 nefndir og síðan umhverfisráðuneyti með 31.

Tímabundnar verkefnanefndir eru skipaðar af ráðherrum samkvæmt þeirra ákvörðun eða samkvæmt þingsályktun Alþingis. Nauðsynlegt er þegar nefnd er skipuð til að sinna ákveðnu verkefni að hún hafi fullmótaða og skýra verk- eða markmiðslýsingu til viðmiðunar eða hliðsjónar vegna þess verkefnis sem henni er ætlað að vinna. Enn fremur er mikilvægt að nefndinni sé settur ákveðinn tímarammi. Við skoðun á nokkrum tímabundnum verkefnanefndum kom í ljós að nokkuð vantar upp á að settur sé ákveðinn tímarammi. Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að slíkt sé alltaf gert. Ef eitthvað kemur síðan upp á sem leiðir til að verkefni nefndarinnar tekur lengri tíma en ráð var fyrir gert þá skal skipunaraðili skoða það sérstaklega og taka ákvörðun um ný tímamörk.


Mikilvægt er að nefndarmenn sem veljast til setu í tímabundnum verkefnanefndum geti innt verkefnið af hendi þannig að kröfur til þess séu uppfylltar. Samsetning þeirra getur verið með ýmsum hætti. Oftast er nauðsynlegt að tryggja sérfræðisþekkingu á viðkomandi sviði en eins getur verið jafnmikilvægt að tryggja hagsmunaaðilum rétt til setu.

Á meðan á vinnu nefndar stendur þarf samstarf hennar og skipunaraðila að vera sem best. Nauðsynlegt er að skipunaraðili fylgist með vinnu nefndarinnar og geti ef hann telur nefndina ekki vera að sinna sínu verkefni gripið inn í. Eins er virkt eftirlit nauðsynlegt til að skipunaraðili geti fylgst með hvort tímamörk muni standast. Ríkisendurskoðun telur að stundum skorti nokkuð á að fylgst sé með að tímamörk haldist.

Þegar nefnd hefur lokið vinnu sinni þarf á formlegan hátt að meta hvort nefndin hafi skilað þeirri vinnu sem vænst var og á hvern hátt sú vinna hefur komið að gagni. Skipunaraðili skal spyrja sig að því hvort í raun nauðsyn hafi verið til að skipa nefndina eða hvort sú vinna sem nefndin innti af hendi hefði allt eins getað verið unnin af starfsmönnum ráðuneytis eða stofnana á vegum ríkisins.

Skipun nefndar er að jafnaði kostnaðarsamt úrræði og því aðeins réttlætandi að setja nefnd á fót ef vænta má viðunandi árangurs af starfi hennar og að betri kostur sé að nefnd fjalli um verkefnið heldur en starfsmenn.


Á árinu 2000 voru 1502 nefndarmenn í tímabundnum verkefnanefndum á vegum ríkisins eða að meðaltali 5,2 í hverri nefnd. Skipting þeirra eftir ráðuneytum var eftirfarandi:



**Mynd 18 Fjöldi nefndarmanna í verkefnanefndum (tímabundnum) skipt eftir ráðuneytum.**

### 3.9 Próf- og nemaleyfisnefndir

Á árinu 2000 voru 56 próf- og nemaleyfisnefndir starfandi. Skipting þeirra eftir ráðuneytum var eftirfarandi:



**Mynd 19 Fjöldi próf- og nemaleyfisnefnda skipt eftir ráðuneytum.**


Á árinu 2000 voru eðli máls samkvæmt flestar próf- og nemaleyfisnefndir starfandi á vegum menntamálaráðuneytis eða 44 sem er 81,4% af heildarfjölda þeirra.

Helstu verkefni þeirra eru:

- að skipuleggja námskeið til undirbúnings prófraun
- að ákveða fjölda prófa og hvar og hvenær próf skulu haldin
- að ákveða námsefni sem prófað er úr
- að gera tillögu til ráðherra að prófgjöldum
- að útbúa kennsluefni
- að samræma próf

Skipun próf- og nemaleyfisnefnda er í höndum hlutað-eigandi ráðherra. Oft er þó kveðið á um rétt annarra til að tilnefna í þær.

Á árinu 2000 voru 216 í próf- og nemaleyfisnefndum eða að meðaltali 3,9 í hverri nefnd. Skipting þeirra eftir ráðuneytum var eftirfarandi:



**Mynd 20 Fjöldi nefndarmanna í próf- og nemaleyfisnefndum skipt eftir ráðuneytum.**

Eftirlit með próf- og nemaleyfisnefndum er fyrst og fremst í höndum skipunaraðila en einnig er eftirlitið hjá þeim sem eiga sitt undir þessum nefndum.

## 4 Niðurstöður skoðunar á starfi nokkurra nefnda

Ákveðið var að leita eftir frekari upplýsingum frá ráðuneytum um starf 51 nefndar sem starfandi voru á árinu 2000. Óskað var m.a. eftir upplýsingum um þau verkefni sem nefndirnar unnu að á árinu 2000 og hver árangur af starfi þeirra var.

Niðurstaða þessarar skoðunar var m.a. sú að 18% þessara nefnda störfuðu ekkert á árinu 2000 og skiluðu engum árangri. Með árangri er átt við að nefnd skili skýrslu, haldi reglulega fundi, afgangi erindi o.s.frv. Með hliðsjón af þessu beinir Ríkisendurskoðun þeim tilmælum til ráðuneyta að árlega verði farið yfir starfandi nefndir og ráð og metið hvort þær eru að skila einhverjum árangri og hvort í raun sé þörf á þeim.

Enn fremur voru dæmi um að starf nefnda lægi niðri án þess þó að þær hefðu verið leystar upp eða ákvörðun hafi verið tekin um framhaldið. Ríkisendurskoðun telur að ef starf nefnda liggur niðri og ekki er fyrir séð að þær taki aftur til starfa beri að leggja slíkar nefndir niður. Það að starf þeirri liggur niðri bendir enn fremur til þess að ekki sé þörf á þeim.

Einnig var dæmi um að verkefni nefndar hafi verið falið öðrum án þess þó að búið væri að leggja nefndina formlega niður.

Að mati Ríkisendurskoðunar hefði líklega mátt leysa mörg þeirra verkefna sem þessum nefndum voru fengin innan stjórnáráðs án þess að nauðsynlegt hefði verið að skipa sérstaka nefnd til þess.





## 5 Yfirlit yfir nefndir, ráð og stjórnir árið 2000

Í þessum kafla er yfirlit yfir nefndir, ráð og stjórnir sem störfuðu á vegum ríkisins á árinu 2000 skipt eftir ráðuneytum. Fram kemur nafn þeirra og innan sviga fjöldi nefndar- eða stjórnarmanna.

### 5.1 Forsætisráðuneyti

Stjórnir stofnana, skólanefndir, bankaráð o.fl.

Bankaráð Seðlabanka Íslands (7)

Stjórn Þjóðmenningarhússins (3)

Úthlutunarnefndir

Stjórn Grænlandssjóðs (5)

Stjórn sjóðsins Þjóðhátíðargjafar Norðmanna (3)

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs (5)

Verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar (3)

Úrskurðar- og kærunefndir

Óbyggðanefnd (3)

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál (3)

Byggingarnefndir

Nefnd um byggingu Stafkirkju (5)

Ráðgjafarnefndir

Hagvarnararáð (13)

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur (5)

Verkefnanefndir (ótímabundnar)

Framkvæmdanefnd um einkavæðingu (4)

Hrafseyrarnefnd (4)

Málskrárnefnd (5)  
Orðunefnd (5)  
Samráðsnefnd um málefni aldraðra (6)  
Þingvallanefnd (3)  
Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal (3)

Verkefnanefndir (tímabundnar)

Auðlindanefnd (9)  
Handverk (3)  
Konur og lýðræði (6)  
Kristnihátíðarnefnd (5)  
Landafundanefnd (5)  
Nefnd um efnahagsleg völd kvenna og karla (3)  
Nefnd um endurskoðun laga um Seðlabanka Íslands (5)  
Nefnd um endurskoðun tryggingalaga (5)  
Nefnd um opinbera stefnumótun og jafnrétti (7)  
Nefnd um rafræna stjórnarsýslu (3)  
Nefnd um stefnumótun í skjalastjórn stjórnarráðsins (6)  
Ritstjórn sögu Stjórnarráðs Íslands (3)  
Verkefnisstjórn um upplýsingasamfélagið (5)

Samtals nefndir, ráð og stjórnir: 31

Fjöldi nefndar- og stjórnarmanna: 150

## 5.2 Menntamálaráðuneyti

Stjórnir stofnana, skólanefndir, bankaráð o.fl.

Háskólaráð Háskóla Íslands (11)  
Háskólaráð Kennaraháskóla Íslands (9)  
Menntastofnun Íslands og Bandaríkjanna (Fullbright) (5)  
Skólanefnd Borgarholtsskóla (5)  
Skólanefnd Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra (5)  
Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi (5)  
Skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja (5)  
Skólanefnd Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi (5)  
Skólanefnd Fjölbrautaskólans í Breiðholti (5)  
Skólanefnd Fjölbrautaskólans í Garðabæ (5)  
Skólanefnd Fjölbrautaskólans við Ármúla (5)  
Skólanefnd Flensborgarskóla í Hafnarfirði (5)  
Skólanefnd Framhaldsskólans á Húsavík (5)

- Skólanefnd Framhaldsskólans á Laugum (5)  
 Skólanefnd Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu (5)  
 Skólanefnd Framhaldsskólans á Skógum (1)  
 Skólanefnd Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum (5)  
 Skólanefnd Iðnskólans í Hafnarfirði (5)  
 Skólanefnd Iðnskólans í Reykjavík (5)  
 Skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík (5)  
 Skólanefnd Listdansskóla Íslands (5)  
 Skólanefnd Menntaskólans á Akureyri (5)  
 Skólanefnd Menntaskólans á Egilsstöðum (5)  
 Skólanefnd Menntaskólans á Ísafirði (5)  
 Skólanefnd Menntaskólans á Laugarvatni (5)  
 Skólanefnd Menntaskólans í Kópavogi (5)  
 Skólanefnd Menntaskólans í Reykjavík (5)  
 Skólanefnd Menntaskólans við Hamrahlíð (5)  
 Skólanefnd Menntaskólans við Sund (5)  
 Skólanefnd Stýrimannaskólans í Reykjavík (5)  
 Skólanefnd Tækniskóla Íslands (5)  
 Skólanefnd Verkmenntask. Austurlands (5)  
 Skólanefnd Verkmenntaskólans á Akureyri (5)  
 Skólanefnd Vélskóla Íslands (5)  
 Skólastjórn Skákskóla Íslands (3)  
 Stjórn Blindrabókasafns Íslands (5)  
 Stjórn Gunnarsstofnunar (5)  
 Stjórn Íslenska dansflokksins (3)  
 Stjórn Íslenskra getrauna (5)  
 Stjórn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns (5)  
 Stjórn landsskrifstofu Leonardo da Vinci (1)  
 Stjórn landsskrifstofu Sókratesar (5)  
 Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna (8)  
 Stjórn Menningarnets Íslands (5)  
 Stjórn Námsgagnastofnunar (7)  
 Stjórn Sinfóníuhljómsveitar Íslands (5)  
 Stjórn Sinfóníuhljómsveitar æskunnar (2)  
 Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar Media upplýsingaþjónustu á Íslandi (5)  
 Stjórn Snorrastofu í Reykholti (6)  
 Stjórn Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi (3)  
 Stjórn Stofnunar Sigurðar Nordals (3)  
 Stjórn Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands, Akureyri (5)  
 Stjórn Örnefnastofnunar Íslands (3)

Stjórnarnefnd Kjarvalsstofu, listamannaíbúðar í París (3)

Stjórnarnefnd Þjóðskjalasafns (4)

Útvarpsráð (7)

Þjóðleikhúsráð (5)

Þjóðminjaráð (5)

### Úthlutunarnefndir

Menningarsjóðsnefnd (3)

Námsstyrkjanefnd (5)

Nefnd um úthlut. styrkja á vegum ERASMUS-áætlunarinnar (6)

Stjórn Barnameningarsjóðs (5)

Stjórn Bókasafnssjóðs höfunda (6)

Stjórn Bókmenntakynningarsjóðs (3)

Stjórn Endurbótasjóðs menningarbygginga (6)

Stjórn Endurmenntunarsjóðs grunnskólakennara (3)

Stjórn gjafasjóðs Jóns Þorkelssonar Skálholtsrektors  
(Thorkilisjóður) (2)

Stjórn Kvikmyndasjóðs Íslands (6)

Stjórn Launasjóðs fræðiritahöfunda (4)

Stjórn Listamannalauna (3)

Stjórn Listskreytingasjóðs ríkisins (5)

Stjórn Menningarsjóðs (3)

Stjórn Menningarsjóðs Íslands og Finnlands- (fulltrúar Ísl.) (3)

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva (3)

Stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna (8)

Stjórn Rannsóknarnámssjóðs (3)

Stjórn Styrktarsjóðs Blindrabókasafns Íslands (3)

Stjórn Verðlaunasjóðs dr. Ólafs Daníelssonar og Sigurðar  
Guðmundssonar arkitekts (3)

Stjórn Þýðingarsjóðs (5)

Úthlutunarnefnd starfslauna úr Launasjóði myndlistarm. (3)

Úthlutunarnefnd starfslauna úr Launasjóði rithöfunda (3)

Úthlutunarnefnd starfslauna úr Tónskáldasjóði (3)

Úthlutunarnefnd styrkja Snorra Sturlusonar (3)

Úthlutunarnefnd Þróunarsjóðs leikskóla sem starfar samkvæmt  
reglum nr. 657/1996 um sjóðinn (3)

### Úrskurðar- og kærunefndir

Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema (3)

Málskotsnefnd Lánasjóðs íslenskra námsmanna (3)

Útvarpsréttarnefnd (7)

### Byggingarnefndir

- Byggingarnefnd Fjölbautaskólans í Garðabæ (6)
- Byggingarnefnd framhaldsskóla í Borgarholti 2, Reykjavík (3)
- Byggingarnefnd Háskólans á Akureyri (3)
- Byggingarnefnd Þjóðminjasafns (3)

### Ráðgjafarnefndir

- Ráðgjafarhópur um nám fatlaðra nemenda í framhaldsskólum (3)
- Ráðgjafarnefnd Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála (7)
- Ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna (3)
- Ráðgjafarnefnd um styrkveitingar til þróunarverkefna í framhaldsskólum og til fullorðinsfræðslu (3)
- Ráðgjafarnefnd Próunarsjóðs grunnskóla (5)

### Verkefnanefndir (óttímabundnar)

- Fornleifanefnd (5)
- Framkvæmdanefnd um lesskimun í grunn- og framhaldsskólum (5)
- Húsafriðunarnefnd Ríkisins (5)
- Höfundaréttarnefnd (5)
- Íslensk málnefnd (15)
- Íslenska Unesco-nefndin (6)
- Íslenska vatnafræðinefndin (3)
- Íþróttanefnd ríkisins (6)
- Kvikmyndaskoðun (7)
- Leiklistarráð (4)
- Matsnefnd framhaldsskóla (3)
- Matsnefnd grunnskóla (4)
- Myndlistarnefnd menntamálaráðuneytisins (3)
- Námsbrautarnefnd meinatæknabrautar í heilbrigðisdeild Tækniskóla Íslands (3)
- Námsbrautarnefnd röntgentæknabrautar í heilbrigðisdeild Tækniskóla Íslands (3)
- Námsefnisnefnd (6)
- Nefnd sem fylgist með og sér um samræmingu menntunar vélstjóra (4)
- Nefnd til að hafa umsjón með munum Hússtjórnarskóla Suðurlands, Laugarvatni (3)
- Nefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara (6)

- Nefnd um fjarskiptaþjónustu vegna fjarkennslu (6)
- Nefnd um framkvæmd Dags íslenskrar tungu, 16. nóv. (3)
- Nefnd um lögbundinn rétt heyrnarlausra til túlkjaþjónustu (3)
- Rannsóknarráð Íslands (11)
- Safnráð Listasafns Íslands (5)
- Samráðshópur um samning UNESCO frá 1972 um menningar- og náttúruarfleið heimsins (9)
